

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2024**2024/EES/76/11****frá 5. júlí 2024****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2847 frá 20. desember 2023 um leyfi til að setja á markað lífmassa úr eplafrumurækt sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2851 frá 20. desember 2023 um leyfi til að setja á markað að hluta til vatnsrofið prótín úr dreggjum úr byggi (*Hordeum vulgare*) og hrísgrjónum (*Oryza sativa*) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2852 frá 20. desember 2023 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1581 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu óléóresínun úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„— **32023 R 2847:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2847 frá 20. desember 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2847, 21.12.2023),

— **32023 R 2851:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2851 frá 20. desember 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2851, 21.12.2023).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 114. undirlið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1581) í lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„, breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2847, 21.12.2023.⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2851, 21.12.2023.⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2852, 21.12.2023.

- **32023 R 2852:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2852 frá 20. desember 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2852, 21.12.2023).“
3. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 243. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2215):
- „244. **32023 R 2847:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2847 frá 20. desember 2023 um leyfi til að setja á markað lífmassa úr eplafrumurækt sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L; 2023/2847, 21.12.2023).
245. **32023 R 2851:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2851 frá 20. desember 2023 um leyfi til að setja á markað að hluta til vatnsrofið prótín úr dreggjum úr byggi (*Hordeum vulgare*) og hrísgrjónum (*Oryza sativa*) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2023/2851, 21.12.2023).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/2847, (ESB) 2015/2851 og (ESB) 2023/2852, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.